AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Óslax hf. í landi Garðs í Ólafsfirði.

1.0. Almenn ákvæði.

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu allt að 12—15 tonna ársframleiðslu.

1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.

1.3. Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.

1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.5. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigði eða tilveru náttúrulegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki.

1.6. Afrit af lögbundinni árlegri skýrslu forráðenda eldisstöðva til veiðimálastjóra skal sent til Hollustuverndar ríkisins. Í henni koma fram: framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna, og lyfja sem notað var á árinu.

2.0. Varnir gegn mengun umhverfis.

2.1. Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður.

2.2. Hreinsibúnaði skal komið á landstöðu. Hreinsibúnaður skal samanstanda af svifskilju (miðflóttaaflsskilju) tengdri settanki, eða þró, auk settjarnar til útfellingar á fínni ögnum. Svifskiljan skal vera nægilega stór fyrir rennslið 100 l/sek. (5—6 metrar í þvermál). Útfelldar svifagnir ásamt 5% af frárennslinu skal sett í setþró sem vera skal 15m^2. Grófhreinsað vatn (95%) fer frá skiljunni í settjörn, sem skal taka a.m.k. 20 til 30 mínútul. Rennsli (dýpi 1—1,5 metrar) og rennslisvæði vatnsins skal ekki fara yfir 2—4 cm/s. Heimilt er, með samþykki Hollustuverndar ríkisins, að breyta útfærslum á hreinsibúnaði vegna endurnýtingar á vatni ef hreinsivirkni verður ekki lakari en svo að 80—90% af föstum lífrænum efnum verði fjarlægð úr frárennsli og magn fastra lífrænna svifagna fari aldrei yfir 4 mg/l í frárennsli.

3.0. Gildistaka.

3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, og sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. september 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.